

Skýrsla af 97 þingi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar (ILO) Genf 26.5 – 13.6 2008

Sendinefndin

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og varamaður hans Georg Páll Skúlason, formaður FBM sem einnig sat Genfarskólann ásamt Jakobínu Þórðardóttur framkvæmdastjóra Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon.

Megin málefnið

1. Styrking ILO á tímum hnattvæðingar. Önnur umræða.
2. Dreigið úr fátækt með atvinnusköpun í dreifbýli. Almenn umræða.
3. Framleiðniaukning, atvinnusköpun og þróun með aukinni hæfni launafólks. Almenn umræða.
4. Framkvæmd samþykktá.
5. Kosning stjórnar.
6. Fjármál.

1. „Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu“ (Styrking ILO á tímum hnattvæðingar - Strengthening the ILO's capacity to assist its Members' efforts to reach their objectives in the context of globalisation).

Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd en hann var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í henni. Vinnulag var þannig að almenn umræða fór fram í 4 daga en síðan tók við tímabil flókinnar samningavinnu í 10 daga. Í nefndinni sátu hátt á fjórða hundrað fulltrúa en valinn var 32 manna hópur til þess að vinna úr niðurstöðum almennu umræðunnar og til þess í raun að semja um niðurstöður. Verkalýðshreyfingin átti 8 fulltrúa í henni var Magnús M. Norðdahl kjörinn einn þeirra.

Til grundvallar starfi nefndarinnar lá annars vegar ýtarleg skýrsla skrifstofunnar frá 2007, niðurstaða nefndarstarfsins frá 2007 og loks tillaga skrifstofunnar að sérstakri yfirlýsingu sem væri skuldbindandi fyrir stofnunina og starfsemi hennar. Í öllum meginráttum héldu frumniðurstöðurnar úr fyrri umræðu. Yfirlýsingunni var valið lýsandi nafn sem er „Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu“.

Yfirlýsing felur í fyrsta lagi í sér sérstaka reglulega skýrslugerð um fjórar stoðir stefnunnar um Mannsæmandi störf, þ.e. atvinnusköpun, félagslegt öryggi, félagslegt og þríhliðasamráð og grundvallarréttindi launafólks. Miðað er við að stofnunin afli gagna og skili skýrslum um einn flokk í einu þ.a. 4 hvert ár sé skýrslu skilað um hvern þátt fyrir sig. Í yfirlýsingunni er sérstaklega tekið fram, að þessir fjórir þættir hangi saman þ.a. sé einum ekki sinnt hindri það framgang hinna. Í öðru lagi, að sett verði upp sérstök nefnd á hverju ILO-þingi til þess að fjalla um þessar skýrslur og koma með niðurstöður og tillögur um efni hvernar fyrir sig. Í þessu felst einnig að ekki

verður rými fyrir nema eina tæknilega nefnd að auki en þær eru tvær núna. Í þriðja lagi er tilgangurinn að ILO geti betur fylgst með þróun í hverjum málaflökki og sniðið þjónustu sína til samræmis við hana. Þannig megi einnig skipuleggja betur þau efni sem réttlætt geta annað hvort endurskoðun núverandi samþykkt eða setningu nýrra.

Samkvæmt yfirlýsingunni bera aðildarríkin frumábyrgð á því að ná fram efnahagslegum og félagslegum markmiðum sínum á tímum hnattvæðingarinnar. Hlutverk ILO sé að aðstoða þau en samhliða er öðrum alþjóðlegum og svæðisbundnum stofnunum boðið til samstarfs. Yfirlýsingin leggur áherslu á, að til grundvallar öllu starfi ILO liggi stefna byggð á félagafrelsi, kjarasamningsrétti, afnámi nauðungarvinnu og barnavinnu og bann við allri mismunun á vinnumarkaði.

Með yfirlýsingunni hafa aðildarríkin nú einnig ákveðið að ILO geti vegið og metið stefnu og ákvarðanir annarra alþjóðlegra stofnana með hliðsjón af því hvaða áhrif stefna þeirra og ákvarðanir hafi á atvinnu og atvinnusköpun og þá hvort stefnt sé að markmiðum um að skapa mannsæmandi störf eins og það hugtak er skilgreint af ILO. Þessi ákvörðun gefur ILO nýtt og mikilvægt umboð á alþjóðavettvangi.

Yfirlýsingin er mikilvægasta endurbót á endurnýjun á Alþjóðavinnuálagstofnuninni síðan Fíladelfíuyfirlýsingin var samþykkt 1944.

[Niðurstöður](#)

[Endanlegur texti yfirlýsingarinnar](#)

2. Dregið úr fátækt með atvinnusköpun í dreifbýli. Almenn umræða.

Því miður átti Ísland átti ekki fulltrúa í þessari nefnd. Í henni var fjallað um stöðu launafólks og atvinnurekstrar í dreifbýli en $\frac{3}{4}$ alls fólks sem telst undir fátæktarmörkum í veröldinni telst búa og vinna við erfið og illa launuð störf í landbúnaði. Umræðan tók nokkurn lit af þeirra kreppu sem skollin er á með ófullnægjandi framboði matvæla og hækkandi matvæla verði. Samþykkt var að stjórn ILO fengi það verkefni að skipuleggja og fjármagna sérstakar aðgerðir til þess að auka atvinnu og fjölga góðum störfum í dreifbýli, bæði í áætlanagerð stofnunarinnar fyrir 2010-2015 en einnig í fjárlögum 2008-2009. [Niðurstöður](#).

3. Framleiðniaukning, atvinnusköpun og þróun með aukinni hæfni launafólks. Almenn umræða.

Jakobína Þórðardóttir fylgdi störfum þessarar nefndar. Í nefndinni var fjallað um mikilvægi hæfni launafólks við sköpun góðra starfa og sjálfbærs atvinnureksturs, fjölgun frumstarfa og afleiddra starfa, mikilvægi hennar til þess að mæta hnattvæðingunni, tengsl menntunar og hæfni, tengsl aukinnar hæfni og þess að allir fái að vera þátttakendur í samfélaginu og um mikilvægi þríhliða samstarfs við alla ákvarðanatöku og framkvæmd. [Niðurstöður](#)

4. Nefnd um framkvæmd Samþykkt

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum var sérstök umræða um [ástandið í Mýanmar \(Burma \)](#). Þar kom fram að stjórnvöld hafa ekki gert það sem skorað hefur verið þau á gera og varðar fyrst um fram viðvarandi nauðungarvinnu og kúgun samtaka launafólks og atvinnurekenda. Á landinu er viðskiptabann frá mörgum aðildarríkjum SP. Þrátt fyrir það hafa Íslendingar á fyrstu fjórum þessa árs flutt inn vörur frá Mýanmar fyrir 3 milljónir og virðist sem lítil breyting hafi orðið á innflutningi síðustu ár en full ástæða til þess að taka þau mál til gagngerrar skoðunar. Útflutningur þangað er hins vegar enginn.

Sé ekki annað sérstaklega tekið fram, skoraði nefndin á stjórnvöld að hraða umbótum og fagnaði umbótum þar sem þær höfðu átt sér stað auk þess óskað er sérstakra upplýsinga í næstu skýrslu til sérfræðinganeftdar ILO. Sérstakar athugasemdir eru undirstrikaðar. [Heildarniðurstöður](#)

S-29 Nauðungarvinna

Indland – Fjallað var í níunda sinn um þann landlæga hátt á Indlandi að fólk sé selt til eða tekið til nauðungarvinnu sem jafna megi til þrælahalds, þar á meðal börn. Óskað var eftir ýtarlegi skýrslu stjórnvalda fyrir næsta þing og Indlandi boðin tæknileg aðstoð.

Myanmar (Burma) – Haldinn var sérstakur fundur um ástandið, líkt og gert hefur verið undanfarin ár og gerð hefur verið ýtarleg grein í fyrri skýrslum. Lítið virðist hafa breyst til batnaðar

Paragvæ – Í landinu er stór hópur bláfátækra land landlítilla bænda sem látið er líðast að sé notaður til nauðungarvinnu í landbúnaði. Jafnframt var fjallað um ofbeldi sem samtök þessara bænda og meðlimir þeirra eru beittir. Nefndin kvaðst ætlast til þess að aðgerðum yrði flýtt og sérstaklega tekið fram að Paragvæ hefði sjálft óskað tæknilegrar aðstoðar frá ILO.

Súdan – Í landinu hefur um langt skeið tíðkast að konur og börn fátækra minnihlutahópa sé rænt og þvingað til vinnu og hefur nefndin fjallað um þetta allt frá árinu 1989. Ástand þessara mála er sérstaklega alvarlegt í Darfur héraði. Boðin var tæknileg aðstoð ILO og skorað á Súdan að þiggja hana sem og aðstoð annarra alþjóðlegra stofnana.

S-81 Vinnumarkaðseftirlit

Svíþjóð – Um er að ræða sérstakt mál sem tekið var upp vegna þess hversu vel Svíar hafa staðið að þessum málum. Við meðferð málsins kom hins vegar fram að samhliða nýju verklagi hafi verið dregið úr fjármunum til eftirlitsins. Nefndin hrósaði Svíþjóð fyrir frammistöðu sína en óskaði eftir ýtarlegum upplýsingum og um hina nýju framkvæmd og árangur af breytingum.

Úganda – Fram kom að verulegir brestir eru á framkvæmd samþykktarinnar, allt frá því hætt var við miðlæga samræminu á árinu 1995. Var það gagnrýnt, óskað eftir sérstakri skýrslu og hvatt til endurbóta.

S-87 Félagafrelsi

Banladesh – Annars vegar var fjallað um gildandi vinnulöggjöf sem stangast á því samþykktina og almennar reglur um félagafrelsi og hins vegar um ítrekað og viðvarandi ofbeldi gagnvart launafólki og samtökum þeirra, sérstaklega í fataiðnaði. Talsmenn launafólks og atvinnurekenda sameinuðust um að óska eftir sérstakri málsgrein í niðurstöðum nefndarinnar, auk þess sem að venju var skorað á stjórnvöld að gera áttak til lagfæringa og skila nefndinni ýtarlegri skýrslu um þær á næsta ári.

Hvíta Rússland – Um beinar og óbeinar ofsóknir stjórnvalda gegn sjálfstæðum verkalýðsfélögum og forystumönnum þeirra hefur ítrekað verið fjallað í nefndinni en lítill árangur orðið þó góð orð hafi verið höfð um samstarf og lagfæringar á lögum og framkvæmd en verulegar hömlur eru í lögum á starfsemi verkalýðsfélaga. Nefndin harmaði að tilmælum og ráðleggingum ILO hefði ekki verið fylgt og óskaði eftir sérstakri skýrslu stjórnvalda til stjórnar ILO fyrir fund hennar í nóvember.

Búlgaría – Í landinu eru verulegar hömlur lagðar á verkfallsréttinn, bæði hvað varðar tilteknar atvinnugreinar en einnig almennar takmarkanir. Margoft hafi verið bent á það sem lagfæra þyrfti. Nefndin fagnaði þeim árangri sem þó hefði náðst og skoraði á stjórnvöld að halda viðleitni sinni áfram.

Kólumbía – Ástand mála virðist lítið hafa lagast í landinu og við þingbyrjun höfðu 43 talsmenn verkalýðsfélaga verið myrtir. Viðvarandi er að stjórnvöld rannsaki ekki mál, upplýsi og ákæri. Mikill ágreiningur reis milli atvinnurekenda og launafólks um þetta mál en atvinnurekendur vildu alls ekki að það yrði tekið fyrir. Við það var okkar hópur ekki sáttur og um tíma leit út fyrir að störf nefndarinnar færu í uppnám. Að lokum var ákveðið að stjórnvöld kæmu „af fúsum og frjálsum vilja“ fyrir nefndina. Nefndin lagði áherslu á að umbótum á lögum yrði hrint í framkvæmd og ráðstafanir gerðar til þess að mál yrðu rannsökuð auk þess sem áhersla var lögð á að ILO héldi áfram úti fastri starfsstöð í landinu.

Egyptaland – Verulegar hömlur eru lagðar að stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga í landinu, lítið samræmi milli landslaga og samþykktu ILO auk þess sem félagsmenn stéttarféлага sæta ofsóknum og ofbeldi er beitt gegn lögmætum aðgerðum verkalýðsfélaga. Í nefndarálitinu er það sérstaklega harmað að stjórnvöld virðist ekki vilja gera þær breytingar sem nauðsynlegar séu og þeim gert að skila sérstakri skýrslu um framgang mála og þeim boðin tæknileg aðstoð ILO.

Miðbaugs Gínea – Stjórnöld voru ekki skráð á þingið og engin sendinefnd því til staðar. Lauslega var fjallað um aðgerðir stjórnvalda gegn verkalýðshreyfingunni og ófullnægjandi vinnulöggjöf. Engin ályktun þar sem þingið var ekki sótt.

Gvatemala – Umfjöllun allt frá 1999 vegna morða á verkalýðsleiðtogum, ófullnægjandi vinnulöggjafar, bannaðra verkfalla og annarra viðvarandi brota á félagafrelsi. Hátt sett sendinefnd heimsótti landið á síðasta ári og að þessu sinni óskaði nefndin eftir því að tekið yrði á móti sérstakri sendinefnd fulltrúa launafólks og atvinnurekenda frá ILO auk þess sem óskað var nákvæmra skýrslna.

Japan – Samkvæmt Japönskum lögum eru allverulegar takmarkanir á rétti opinberra starfsmanna til þess að stofna og eiga aðild að stéttarfélögum og bann við verkföllum. Þetta hefur ítrekað verið gagnrýnt. Fram kom að stjórnvöld eru að vinna að nauðsynlegum lagabreytingum til þess að mæta athugasemdum ILO.

Zimbabwe – Stjórnvöld ákváðu að mæta ekki á fund nefndarinnar þó sendinefnd væri í Genf og tóku fulltrúar ríkisstjórnarinnar sér sæti á áhorfendapöllum og tóku ekki þá í umæðunni. Ljóst varð, að flest það sem að getur orðið hvað varðar réttindi launafólks og atvinnurekenda er að í landinu þ.e. löggjöf í ósamræmi við ILO samþykktir, morð, hótanir, fangelsanir án dóms og laga og svo framvegis. Niðurstöður nefndarinnar voru óvanalegar harðar og felldar í sérstaka málsgrein.

S-98 Rétturinn til að stofna verkalýðsfélög og gera kjarasamninga

Georgía – Málið snérist um setningu nýrra laga um stéttarfélög og vinnudeilur sem sett voru án samráðs við aðila og án þess að löggin geymi nokkur ákvæði um það hvernig bregðast skuli við starfsemi sem ætlað er að vinna gegn lögum starfi á vinnumarkaði. Ákveðið var að leggja til þríhliðaviðræður með tæknilegri aðstoð ILO og jafnframt óskað eftir greinargerð um málið.

Írak – Verkalýðsfélög og launafólk eru skotmörk vopnaðra hópa í landinu og erfitt að stunda almenna starfsemi stéttarfélaganna. Kvartað var undan ófullnægjandi vernd stjórnvalda og undan því að í sumum tilvikum hefðu fjármunir félaganna verið frystir. Nefndin fagnaði því að stjórnvöld hefðu óskað eftir tæknilegri aðstoð ILO.

S-105 Afnám nauðungarvinnu

Indónesía – Þar í landi hafa forsvarsmenn hreyfingarinnar og launafólk sem tekið hefur þátt í verkföllum verið hneppt í nauðungarvinnu skv. gamalli lagasetningu. Nefndin gagnrýndi þetta harkalega, kvartaði undan litlum upplýsingum frá stjórnvöldum en fagnaði því að þau hefðu samþykkt að taka við tæknilegri aðstoð ILO.

S-111 Bann við mismunun

Tékkland – Kvörtunarefnin varða ófullnægjandi löggjöf sem bannar mismunun sem og gildandi löggjöf sem heimilar mismunun á grundvelli stjórnmálaskoðana, upphaflega sett til þess að koma í veg fyrir að gamlir kommar komist að nýju til valda. Stjórnvöld voru einnig gagnrýnd fyrir mismunun gagnvart sígaunum og gert að skila skýrslu til ILO um þróun mála.

Dóminíkanska Lýðveldið – Í landinu býr um ein milljón manns sem ættað er frá Haiti og nýtur ekki réttinda þrátt fyrir að hafa búið í landinu í nokkrar kynslóðir. Jafnframt hefur tíðkast að launafólk sé gegn vilja sínum sett í HIV próf. Nefndin óskaði eftir skýrslu um framgang mála og kvartaði undan ófullkomnum svörum við spurningum sérfræðinganeftardarinnar.

Íran – Fjallað hefur verið um viðvarandi mismunun á grundvelli kynferðis, uppruna og trúar síðan 1999 og stjórnvöld margbeðin um skýrslur. Þær berast en eru ekki studdar neinum gögnum eða tölulegum upplýsingum um það sem spurt er að. Voru stjórnvöld harðlega gagnrýnd og óskað ýtarlegra upplýsinga og fullnægjandi gagna í

næstu skýrslu til ILO. Lagt var til að niðurstöður yrðu felldar í sérstaka málsgrein en af því varð ekki.

S-138 Lágmarksaldur til vinnu

Zambía - Í landinu eru 10-11% barna á aldrinum 5-14 ára í vinnu og eiga ekki tækifæri til skólagöngu, bæði vegna ófullnægjandi löggjafar en aðallega vegna þess að lagaframkvæmd er ekki fullnægjandi. Stjórnvöldum var hrósað fyrir ýmsa viðleitni sína, hvött til þess að nýta sér áfram tæknilega aðstoð ILO og skila skýrslu um framgang mála.

S-162 Asbest

Króatía – Annars vegar er um að ræða algerlega ófullnægjandi aðbúnað í tiltekinni asbest verksmiðju og hins vegar bætur og aðstoð við fjölda launafólks sem þegar er veikt vegna vinnu sinnar. Hátt sett nefnd var send til landsins á árinu 2007 og þrátt fyrir að til einhverra úrræða hafi verið gripið komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki virtist nóg vera að gert. Óskað var ýtarlegrar skýrslu og þýðinga á viðeigandi löggjöf í landinu.

S-180 Mönnun og vinnutími á farskipum

Stóra Bretland – Í þessu máli sýndist sitt hverjum en nokkuð ljóst að breska löggjöfin mismunar í raun farmönnum eftir þjóðerni auk þess sem vinnutímareglur um borð eru aðrar og verri en samþykktin mælir fyrir um. Stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að svara ekki spurningum sérfræðinganevndarinnar með fullnægjandi hætti og skýrslu óskað um framgang.

S-182 Versta form barnavinnu

Mexíkó – Talið er að allt að 5000 börn séu seld mansali í klám- og kynlífsiðnaði, 140.000 götubörn væru í Mexíkóborg og allt að 1.7 milljón barna á skólaaldri séu við erfiðisvinnu. Mikil umræða varð um málið og stjórnvöldum hrósað fyrir sumt en gagnrýnd fyrir annað. Óskað var eftir skýrslu um framgang auk þess sem vakin var athygli á því að stjórnvöld nýttu sér tæknilega aðstoð ILO.

5. Kosning stjórnar

Launafólk á 14 aðalfulltrúa í stjórn stofnunarinnar og voru þeir allir kjörnir nú. Sú breyting varð helst hvað norðurlöndin varðar, að Ulf Edström gekk úr aðalstjórn og tók sæti fyrir hönd Benelux-landanna í varastjórn en inn kom sem aðalfulltrúi Trine Lise Sundnes frá norska Alþýðusambandinu. ASÍ hefur tilkynnt að við viljum taka sæti í stjórninni eftir sömu reglum og hin Norðurlöndin. Af því varð ekki nú og gert ráð fyrir að Trine sitji næstu tvö kjörtímabil eða í 6 ár. Að öðru leyti eru aðalmenn okkar eftirtalin:

Mr N. Adyanthaya (India), Ms S. Burrow (Australia), Ms B. Byers (Canada), Ms R. Diallo (Guinea), Mr J.R. Gomez Esguerra (Colombia), Mr S. Nakajima (Japan), Mr A. Omar (Nigeria), Mr A. Sidi Said (Algeria), Mr E. Sidorov (Russian Federation), Mr M. Sommer (Germany), Mr S. Steyne (United Kingdom), Ms T.L. Sundes (Norway), Mr L. Trotman (Barbados) og Mr J. Zellhoefer (United States).

[Heildarniðurstöður kosninga og skipan stjórnar 2008-2011](#)

6. Fjárlög ILO

Gylfi Kristinsson leiddi störf fjárhagsnefndar stofnunarinnar og var kjörinn til þeirra starfa úr hópi fulltrúa ríkisstjórna allra aðildarríkja ILO en þær einar eiga sæti í þessari nefnd. Fjárlögin eru með hefðbundnu sniði en tekið var sérstakt tillit til þess að húsakostur stofnunarinnar þarfnast verulegra lagfæringa en fyrirbyggjandi áætlanir gera ráð fyrir því að þær muni kosta um 2.8 milljarða.

Mat o.fl.

Magnús M. Norðdahl var eins og fyrr segir kjörinn í samninganefnd launafólks um yfirlýsingu ILO um Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu og Gylfi Kristinsson leiddi eins og áður segir störf fjárhagsnefndarinnar. Segja má því að íslenska sendinefndin hafi tekið mun umfangsmeiri þátt í störfum þingsins er stærð og framlög ríkisins gefa tilefni til. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað a.m.k. 2 helstu nefndir hvers þings.

Vefföng þar sem nálgast má skýrslur og niðurstöður frá 95 þingi ILO
[97 þing ILO 2008 – Öll gögn](#)

Júní 2008

Magnús M. Norðdahl